



# Frístundalæsi: Rannsóknar og þróunarverkefni

*Eigindleg rannsókn vegna eflingar máls og læsis á frístundaheimilum  
Reykjavíkurborgar og leiðbeiningarhefti fyrir þau*



Sumar 2018

**Nr: 185746-0091**

**Nemendur:**

Fatou N'dure Baboudóttir  
Tinna Björk Helgadóttir

**Leiðbeinandi:**

Margrét Sigrún Björnsdóttir



**NÝSKÖPUNARSJÓÐUR  
NÁMSMANNA**

# Útdráttur

Efling máls og læsis barna og unglunga á Íslandi hefur hlotið mikla eftirtekt á undanförunum árum. Þessa umræðu má fyrst og fremst rekja til neikvæðrar niðurstöðu í alþjóðlegri samanburðarkönnun. Samkvæmt henni hefur lesskilningur barna farið hrakandi hérlandis á undanförunum árum. Þjóðaráttak hefur því verið sett á fót til að spyrna gegn þessari þróun og hefur átakið tekið til skóla- og frístundastarfs og heimila. Mesta áherslan hefur þó verið lögð á leikskóla og grunnskóla en minni áhersla á frístundaheimili. Stór hluti reykvískra barna dvelja daglega á frístundaheimilum og nýta æ fleiri foreldrar sér slíka þjónustu. Í þessari rannsókn er fjallað um eflingu máls og læsis á frístundaheimilum. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvort tækifæri felist á frístundaheimilum til eflingar máls og læsis og ef svo er hvaða leiðir sé best að fara til slíkrar eflingar. Rannsókn þessi byggist á vettvangsathugunum sem áttu sér stað á þriggja mánaða tímabili sumarið 2018. Í rannsókninni er notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem þátttökuathugun fór fram og tekin voru hálf opin viðtöl við lestrarsérfræðinga, deildarstjóra frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og forstöðumenn frístundaheimila frá hverri frístundamiðstöð borgarinnar. Helstu niðurstöður eru þær að mörg fjölbreytt tækifæri felast á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar til eflingar máls og læsis. Mikil efling málaflokksins fer nú þegar fram á frístundaheimilum en má þó færa rök fyrir því að vettvangurinn sé að mörgu leiti vannýttur til markvissrar eflingar. Þær leiðir sem hægt er að fara byggja á reynslunámi, áhugahvöt, lærdómi í gegnum leik, félagslegri hugsmíðahyggi og árangursríku breytingarferli samkvæmt Kotter, Fernandez og Rainey. Á grunni þessa var rituð handbók fyrir frístundaheimili til eflingar læsis í þeirra störfum.

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b>	1
<b>Inngangur</b>	3
<b>Fræðilegur bakgrunnur og nálganir</b>	4
Staða máls og læsis barna á Íslandi	4
Frístundaheimili Reykjavíkurborgar	5
Læsi í viðum skilningi	6
Skipulag og starfsemi frístundaheimila	6
Tækifæri innan frístundaheimila	8
<b>Rannsóknaraðferðir</b>	10
Rannsóknarsnið	10
Viðmælendur og viðtöl	10
Framkvæmd og gagnaöflun	11
Gagnagreining	11
<b>Niðurstöður</b>	13
Efling máls og læsis á Íslandi	13
Efling máls og læsis á frístundaheimilum	14
Læsi í viðum skilningi	16
Fræðilegar áherslur	17
Árangursrík efling	19
<b>Umræða</b>	20
Efling máls og læsis á frístundaheimilunum	20
Læsi í viðum skilningi	21
Fræðilegar áherslur	22
Árangursrík efling	23
Tillögur að úrbótum	24
<b>Lokaorð</b>	25
<b>Heimildaskrá</b>	26

# Inngangur

Samkvæmt ályktun Íslensku málnefndarinnar frá 2017 er íslenska talin eiga undir högg að sækja og þá sérstaklega í ljósi þeirrar alheimsvæðingar og tæknibyltingar sem á sér stað í samtímanum (Íslensk málnefnd, 2017). Í nýlegum niðurstöðum *The Programme for International Student Assessment* (PISA) kemur fram að lesskilningur íslenskra barna hefur mælst fara versnandi á undanfórnum árum og er það mat flestra að staðan í dag er óásættanleg. Ákveðið var að bregðast við þessari neikvæðu þróun af fullum krafti og var sett á fót þjóðaráttak til eflingar máls og læsis barna. Í kjölfarið hefur aukin áhersla verið lögð á eflingu máls og læsis innan skóla- og frístundastarfs, sérstaklega meðal leikskóla og grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Í Reykjavíkurborg eru rekin 39 frístundaheimili þar sem foreldrum gefst kostur á að skrá börnin sín á aldrinum sex til níu ára til dagvistunar einu sinni í viku eða oftar. Leitast er við að bjóða upp á faglegt frístundastarf þar sem öll börn geta fundið eitthvað við sitt hæfi sem og aukið þekkingu sína, skilning og hæfni í gegnum hinar ýmsu tólmstundir (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Þó minna hafi farið fyrir áherslum um eflingu máls og læsis meðal frístundaheimila þá hafa nokkur þróunarverkefni til eflingar máls og læsis barna verið framkvæmd með góðum árangri (Guðrún Edda Bentsdóttir, 2015 og Helga Ágústsdóttir, 2006).

Mætti því segja að frístundaheimili sem vettvangur til eflingar máls og læsis sé lítið plægður akur og margt óskoðað. Í þessari skýrslu verður leitast við að svara hvort það felast tækifæri á frístundaheimilum til eflingar máls og læsis? Ef svo er hvaða leiðir er hægt að fara til að efla mál og læsi innan frístundaheimila? Á grunni þessa hafa höfundar sett saman handbók fyrir starfsfólk frístundaheimila um hvernig mefli efla læsi í þeirra starfi.

Skýrslan skiptist í fjóra megin kafla. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir fræðilegum bakgrunni og helstu kenningar reifaðar. Annar kafli fjallar um þær rannsóknaraðferðir sem rannsóknin byggist á. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og í fjórða kafla eru niðurstöður ræddar í samhengi við fræðilegan bakgrunn og kenningar. Að lokum eru lokaorðin sett fram og efni rannsóknarinnar dregið saman í fimmta og síðasta kaflanum.

# Fræðilegur bakgrunnur og nálganir

Í þessum kafla skýrslunnar verður gerð grein fyrir þeim fræðilega bakgrunni og nálgunum sem rannsóknin byggir á. Í upphafi verður farið yfir stöðu máls og læsis hjá börnum á Íslandi og þau markmið sem sett hafa verið fram tekin til skoðunar. Því næst verður hugtakið læsi útskýrt, skipulag frístundaheimila kannað og hvernig aðkomu þeirra að eflingu máls og læsis hefur verið háttað. Því næst verður leitast við að skoða frístundaheimili í ljósi stofnanakenninga Mintzberg. Þar á eftir verður starfsemi frístundaheimila skoðuð út frá hugmyndum reynslunáms og áhugahvatningar, með áherslu á lærdóm í gegnum leik og kenningar félagslegrar hugsmiðahyggiu. Að lokum verða hugmyndir Kotters, Fernandez og Rainey um árangursrík breytingarferli í stofnunum og opinberri stjórnsýslu yfirfærðar á frístundaheimili sem mögulegan vettvang til eflingar máls og læsis.

## Staða máls og læsis barna á Íslandi

Góð þekking á íslensku er einn helsti grunnþáttur þess að börn verði að virkum þegnum í íslensku samfélagi og fái spennandi tækifæri í námi, leik og starfi. Rannsóknir sýna því miður að afturför hefur orðið í lesskilningi barna á Íslandi. Læsi er einn mælikvarði hæfni og þýðir í hefðbundnum skilningi að geta bæði lesið og skrifað. Merking hugtaksins læsi er víðtækari í PISA rannsókn OECD og vísar til getunnar að beita færni og þekkingu við alls kyns aðstæður, skilja, greina, leysa og útskýra viðfangsefni. Komið hefur í ljós að því betri árangri sem einstaklingur nær í PISA því meiri verður hæfni hans síðar meir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Niðurstöður úr PISA 2012 sýna að lesskilningur barna á Íslandi hefur versnað frá árinu 2000 og auk þess hefur samanburður við meðaltal annarra landa orðið óhagstæðari. Valda þessar niðurstöður miklum áhyggjum stjórnvalda, foreldra og skólafólks. Stór hluti barna getur ekki lesið sér til gagns við lok grunnskóla og er staða drengja í könnuninni bágbornari en staða stúlkna hérlendis sem er sérstakt áhyggjuefni. Ástæða þessara niðurstæðna er óljós en talin vera flókið samspil margra þátta sem geta haft víðtækar og afdrifaríkar afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélagið (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Áriðandi er að snúa vörn í sókn og jafnframt er mikilvægt að taka sérstakt mið af ólíkri stöðu kynjanna og huga betur að innflytjendum sem og frammistöðu barna á landsbyggðinni.

Tilgangur Hvítbókar um umbætur í menntun var að skapa grundvöll til umræðu og aðgerða til úrbóta í þessum málum hérlendis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Þar er lögð aukin áhersla á eflingu máls og læsis innan allra skólastiga og var það markmið sett að 90% barna nái lágmarksviðmiðum í lestri árið 2018, en hlutfallið er nú 79% (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Í kjölfarið hafa sveitarfélög og mennta- og menningarmálaráðuneytið m.a. gert með sér Þjóðarsáttmála um læsi með það markmið að öll börn geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Ein af forsendum þess að hægt sé að ná markmiðunum er að um þau náist sátt svo hægt sé að fylgja þeim eftir. Auk þess þurfa þeir sem starfa í skólum, frístundaheimilum, leikskólum og nærsamfélagi skólanna að veita viðeigandi stuðning og svigrúm til þess að takast á við umbæturnar, prófa hugmyndir að lausnum, meta þær og miðla til annarra. Reynsla annarra þjóða sýnir að hægt er að ná góðum árangri í umbótum í málaflokknum á nokkrum árum náist samstaða um markmiðin og framkvæmd þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

## Frístundaheimili Reykjavíkurborgar

Samkvæmt 33.gr.a. grunnskólalaga nr. 91/2008 skal öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frítíma vettvangur barna með áherslu á frjálstan fjölbreyttan leik þar sem tekið er mið af þörfum hvers og eins. Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, rekstrarform og skipulag og hafa töluvert svigrúm til að móta starfsemina. Á frístundaheimilum gilda auk þess almenn ákvæði laga og reglugerða um öryggi og velferð barna. Reykjavíkurborg fer með faglegt forræði frístundaheimila í borginni og hefur skóla- og frístundaráð borgarinnar sett reglur um starfsemi frístundaheimila í Reykjavík (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2017b). Frístundaheimili borgarinnar eru 39 talsins og heyra þau undir 5 frístundamiðstöðvar, þ.e. Ársel, Gufunesbæ, Kringlumýri, Miðberg og Tjörnina (Reykjavíkurborg, e.d.). Hver frístundamiðstöð mótar árlega starfsáætlun með tilteknum umbótarþáttum sem frístundaheimilum þeirra ber að fylgja í starfsemi sinni (Frístundamiðstöðin Ársel, 2016; Frístundamiðstöðin Gufunesbær, 2016; Frístundamiðstöðin Kringlumýri, 2017; Frístundamiðstöðin Miðberg, 2016 og Frístundamiðstöðin Tjörnin, 2017).

Flest sex til níu ára börn í Reykjavíkurborg eyða miklum tíma á frístundaheimilum eftir að hefðbundnum skóladegi þeirra lýkur. Hefur þátttaka í starfinu aukist undanfarin ár og skiptir því máli að nýta þann tíma vel. Þjónusta frístundaheimila felst í því að koma til móts við ólíkar þarfir

barna, þroska þeirra og áhuga hvers og eins. Á frístundaheimilum er unnið fjölbreytt starf allan ársins hring í íslensku málumhverfi. Í gegnum leik og starf er unnið óformlega að eflingu máls og læsis sem er rauður þráður í öllu starfi sem þar fer fram (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Má þar af leiðandi færa rök fyrir því að lykilhugtök máls og læsis (Miðja máls og læsis, e.d.) séu stór hluti af starfi frístundaheimila og að þættir hugtakanna séu í stöðugri notkun og eflingu. Frístundaheimili Reykjavíkurborgar vinna hvað mest með sjö tegundir læsis að undanskildu hefðbundnu læsi sem er tvinnað inn í þær. Þessar tegundir læsis falla undir skilgreiningu læsis í víðum skilningi og eru; félagslæsi, lista- og menningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, vísindalæsi, náttúru- og umhverfislæsi og heilsulæsi.

## Læsi í víðum skilningi

Læsi er oftast sett í samhengi við lestur á prentmáli, þ.e. að geta fært hugsun yfir á ritað mál og skilja ritaðan texta (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Þó er hægt að skilgreina hugtakið læsi á annan hátt og mætti segja að læsi í víðum skilningi sé úrvinnsla þess sem við skynjum og sjáum (Sigrún Helgadóttir, 2013). Læsi er því notað yfir allan þann skilning, þekkingu og hugsun sem á sér stað til að öðlast færni á öllum sviðum samfélagsins. Hæfnin til að lesa umhverfi sitt, ásamt góðri móðurmálsþekkingu eru grundvallaratriði virkrar þátttöku í lýðræðisríki og mikilvægur þáttur í þroska hvers einstaklings. Til þess að efla mál og læsi barna þarf að skapa aðstæður þar sem þau fá tækifæri til að styrkja færni sína í samskiptum við jafnaldra, gagnrýna og rökræða. Frítími er afar mikilvægur í þessu samhengi. Þegar börn nota frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt getur það aukið framtíðarmöguleika þeirra og lífsgæði (Reykjavíkurborg, 2017).

## Skipulag og starfsemi frístundaheimila

Í bók Henry Mintzberg *Structure in Fives: Designing effective organizations* athugar hann uppbyggingu fimm skipulagsheilda og hvað gerir þær skilvirkar. Hugmyndir hans hafa reynst mikilvægur leiðarvísir fyrir stjórnendur bæði í opinbera- og einkageiranum sem hyggjast byggja upp og reka gott fyrirtæki eða stofnun, koma í veg fyrir átök milli ólíkra deilda og forðast dæmigerð

mistöð. Til að greina frístundaheimili sem skipulagsheildir og við frekari skilning á dreifingu valds, sem skiptir máli varðandi starf skipulagsheilda, nýttum við kenningar Mintzberg. Samkvæmt honum er að finna fimm mismunandi tegundir skrifræðis innan opinberrar stjórnsýslu, þ.e. einfalt skipulag, vélrænt skrifræði, fagskrifræði, deildskipt skrifræði og lífrænt skrifræði (Mintzberg, 2009).

Greining Mintzberg benda til þess að frístundaheimili sé skipulagsheild sem einkennist af fagskrifræði (e. the professional bureaucracy). Í skipulagsheildinni er valddreifing bæði lóðrétt og lárétt í flóknu og stöðugu umhverfi. Skipurit Reykjavíkurborgar sýnir hvernig dreifing valds fer lóðrétt frá borgarstjórn til borgarstjóra og niður til skóla og frístundasviðs (Reykjavíkurborg, e.d.). Þaðan fer það frá skrifstofustjóra frístundar niður til hvernar frístundamiðstöðvar og frístundaheimils þar sem valdið dreifist lárétt milli frístundaleiðbeinenda og ráðgjafa. Forstöðumaður er stjórnandi frístundaheimilis og ber honum að fylgja starfsáætlun sinnar frístundamiðstöðvar. Fagskrifræði frístundaheimila byggir á skilvirku skipulagi með samhæfingu aðferða í formi stöðlunar á þekkingu og hæfni frístundaleiðbeinenda og frístundaráðgjafa sem eru í lykilhlutverki. Þessa sérhæfingu hafa þeir öðlast með þjálfun og innrætingu í gegnum nám og starfsþjálfun. Þannig eru frístundaleiðbeinendur og ráðgjafar sérhæfðir fagaðilar með mikið sjálfsforræði í eigin starfi og eru í nánnum tengslum við börn frístundaheimilisins. Þeirra starf felst í mati á ákveðnum þörfum barnanna sem mæta þarf með tilteknum hætti og með ákveðinni hæfni og þekkingu (Mintzberg, 2009).

Á frístundaheimilum er mikil áhersla lögð á reynslunám barna sem er ákveðið ferli þar sem barnið byggir upp færni og þekkingu með þátttöku sinni í starfi frístundaheimilisins (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Samkvæmt reynslunámi tileinkar barnið sér frekari þekkingu og skilning með því að framkvæma, prófa, athuga, vera virkt og ígrunda reynsluna (Reigeluth, 2000). Í gegnum áhugahvatningu leitast starfsfólk frístundaheimilis við að nýta áhugamál barna til að stuðla að virkri þátttöku þeirra svo þau eigi uppbyggilegan frítíma og öðlist nýja þekkingu (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Leikur með það að leiðarljósi að barnið öðlist nýja þekkingu kallast að „læra í gegnum leik“. Slíkur leikur er oft byggður á efnivið eða hugmynd frá starfsfólki frístundaheimilis þar sem áhersla er lögð á þekkingarsköpun. Þar fær reynsla, áhugi og leikgleði barnsins að njóta sín á sama tíma og barnið eykur viðeigandi færni (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2017a). Áhersla er einnig lögð á félagslega hugsmíðarhyggju í frístundastarfi en samkvæmt henni byggist þekking barna á túlkun sem háð er



aðstæðum hverju sinni. Lítið er svo á að barn skapi merkingu út frá reynslu sinni á frístundaheimili og skapi þar af leiðandi einstaklingsbundna þekkingu. Þekkingin verður ávallt til í félagslegu samhengi sem er hluti af menningu viðkomandi barns (Herdís Magnúsdóttir, 2016).

## Tækifæri innan frístundaheimila

Til þess að innleiðing við eflingu máls og læsis innan frístundaheimila Reykjavíkurborgar takist þá krefst það helgunar, fórnar og sköpunar samkvæmt John P. Kotter (2012). Innleiðingarferlið krefst góðra stjórnenda en mesta áskorunin felst í forystu margra innan skipulagsheildarinnar. Þegar komist er í gegnum tregðu skipulagsheildarinnar og fólk er hvatt til dáða tekst að festa rætur breytinga í sessi. Hugmyndir Kotters eru settar fram í átta þrepa líkani um árangursríkar breytingar sem eru byggðar á niðurstöðum úr 15 ára greiningarvinnu hans á breytingarferlum. Samkvæmt fyrsta þrepi Kotters þarf að skapa skilning á nauðsynlegri breytingu, sem kemur fram í alvarlegri niðurstöðu PISA um versnandi lesskilning barna á Íslandi. Í öðru þrepi er nauðsynlegt að skipa hæfileikaríkan og valdamikinn stýrihóp. Þriðja þrepið segir frá því að móta eigi skýra sameinaðri framtíðarsýn og afla fylgis við hana. Í fjórða þrepinu er mikilvægt að miðla sífellt upplýsingum til allra hlutaðeigandi. Til að þjóna markmiðum stofnunarinnar í samræmi við markmiðin þarf í fimmta þrepinu að styrkja viðtækar aðgerðir. Þannig að allir skilji að þeir séu hluti af breytingarferlinu við að efla mál og læsi verður að búa til áfanga og áfangasigra samkvæmt sjötta þrepi Kotters. Í sjöunda þrepinu er lögð áhersla á að styrkja ávinninga svo hægt sé að ná fram frekari breytingum og vinna gegn mótstöðu. Greinir Kotter frá því í áttunda lokaþrepinu hversu áriðandi það er að vera með eftirfylgni til þess að breytingarnar festist í sessi til langframa með viðtækum aðgerðum (Kotter, 2012).

Fernandez og Rainey (2006) tóku saman rannsóknir á ólíkri nálgun í breytingarferlum opinberrar stjórnsýslu. Helstu niðurstöður þeirra sýndu fram á átta sjálfstæða þætti sem teljast vera nauðsynlegir til að ná fram árangursríkum breytingum, þó ekki í tiltekinni röð. Hægt er að heimfæra þessa þætti á frístundaheimili sem mögulegan vettvang til eflingar máls og læsis og breytingarferlið sem ætti sér stað við innleiðingu þess. Líkan, eða áttaviti (e. compass) höfundanna eru um margt líkur framsetningu J. P. Kotters en bætir við þáttum sem einkenna opinbera starfsemi umfram fyrirtæki. Samkvæmt Fernandez og Rainey þarf í fyrsta lagi að sýna fram á þörfina fyrir breytingum, sem kemur bersýnilega í ljós í niðurstöðum PISA. Í öðru lagi skiptir máli að hafa

skýra og raunsæja áætlun með ákveðnum markmiðum, finna má sterka framtíðarsýn í Hvítbók um umbætur í menntun með tilteknum markmiðum. Í þriðja lagi er brýnt að byggja upp innri samstöðu um breytingar og yfirvinna hindranir með samvinnu við ólíka hagsmunaaðila. Í fjórða lagi verður að tryggja helgun og stuðning yfirmanna starfseminnar og telst ekki vera nóg að hafa einungis pólitískan vilja fyrir hendi. Í fimmta lagi skiptir máli að byggja upp ytri stuðning eftirlitsaðila og hagsmunahópa, sem Fernandez og Rainey telja vera algjört skilyrði í opinberri stjórnsýslu. Í sjötta lagi þarf að tryggja að til staðar séu þær þjargir sem breytingarferlið krefst. Í sjöunda lagi er áriðandi að festa breytingarnar í sessi með mismunandi aðgerðum, hafa eftirlit með framkvæmdinni og meta árangurinn. Í áttunda lagi verða breytingarnar að ná til allra þátta starfseminnar og gæta að öllum þeim áhrifum sem geta orðið af þeirra völdum (Fernandez og Rainey, 2006).

# Rannsóknaraðferðir

Í þessum kafla skýrslunnar er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem stuðst er við til að varpa ljósi á meginviðfangsefni rannsóknarinnar. Einnig er farið yfir það hvernig viðmælendur voru valdir og hvernig viðtölin fóru fram. Í lokin er fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar, gagnaöflun og hvernig gögnin voru greind.

## Rannsóknarsnið

Rannsókn þessi er byggð á eiginlegum rannsóknaraðferðum. Þó er vert að hafa í huga að rannsóknartíminn var mjög stuttur og því varð vettvangsathugun takmörkuð og einskorðaðist við eina heimsókn á hvern stað. Rannsóknin er því fyrst og fremst byggð upp á 24 hálf stöðluðum viðtölum sem tekin voru við vel valda viðmælendur. Með hálf stöðluðum viðtölum er átt við að farið var eftir ákveðnu þema og spurningalista en rannsakendur höfðu þó frjálsar hendur um að spyrja fjölbreyttari spurninga eða leiða viðtalið á aðrar brautir teldu þeir þess þörf (Esterberg, 2001).

Vettvangsathugun fór fram á níu frístundaheimilum Reykjavíkurborgar en þar voru viðtölin tekin. Sumarfrístund var í fullum gangi þegar rannsóknin fór fram og því takmörkuð hefðbundin starfsemi í gangi. Vettvangsathugunin snéri fyrst og fremst að þeim rýmum sem börnin dvelja í dagsdaglega og skrifstofu forstöðumanna þar sem viðtölin fóru fram á meðan að engin börn voru í húsi.

## Viðmælendur og viðtöl

Viðmælendur rannsóknarinnar voru valdir með svo hefðbundnu snjóboltaúrtaki (e. snowball method) þar sem viðmælendur bentu hver á annan. Leitast var við að ná tali af sérfræðingum á sviði lesturs og starfsfólki sem kæmi að skipulagningu og framkvæmd frístundastarfs barna innan Reykjavíkurborgar. Tekin voru viðtöl við tíu lestrar sérfræðinga, fimm deildarstjóra barnastarfs innan fimm frístundamiðstöðva og níu forstöðumenn frístundaheimila víðsvegar um Reykjavíkurborg, a.m.k einn frá hverri frístundamiðstöð.

Leitast var við að taka viðtölin á skrifstofum og starfsstöðum viðmælenda og gekk það eftir í flestum tilfellum. Aðeins eitt viðtal var tekið í almennings rými. Viðtölin voru misläng en flest þeirra voru frá 30 mínútum og upp í eina klukkustund.

## Frankvæmd og gagnaöflun

Öll frankvæmd og gagnaöflun þessarar rannsóknar fór fram á tímabilinu maí til ágúst 2018. Til þess að byrja með var staða þekkingar skoðuð til hlítar með því að kanna og greina skýrslur, bæklinga, greinar og annað lesefni sem kom inn á rannsóknarefnið. Allt útgefið efni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem fjallaði um eflingu máls og læsis var skoðað til hlítar og greint á viðeigandi hátt. Þegar kom að því að velja viðmælendur var ferlið tvískipt eftir því hvort um var að ræða sérfræðinga á sviði lesturs eða starfsfólk frístundaheimila.

Haft var samband við alla deildarstjóra og forstöðumenn frístundaheimila með kynningarpósti þar sem rannsóknin var kynnt. Í kjölfarið var haft samband við deildarstjóra barnastarfs frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og óskað eftir fundi með hverjum og einum vegna verkefnisins og stuttu viðtali. Á þessum fundum var ákveðið í samstarfi við deildarstjóra hvaða forstöðumönnum yrði boðið í viðtal.

Sérfræðingarnir á sviði lesturs voru valdir með aðstoð fagaðila og eftir framlagi þeirra til eflingar máls og læsis. Miðja máls og læsis kom með mikilvægar uppástungur að viðmælendum sem gott væri að taka viðtöl við. Sérfræðingarnir komu úr mörgum áttum en flestir unnu innan Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Miðju máls og læsis eða störfuðu við sérstök verkefni tengd eflingu máls og læsis barna á Íslandi.

Gagnaöflun sem fór fram var því fyrst og fremst byggð á viðtölum. Þó voru gerðar vettvangsnótur eftir heimsókn á hvert frístundaheimili fyrir sig. Gagnaöflun gekk mjög vel og auðveldlega gekk að fá þátttakendur til þess að veita viðtal.

## Gagnagreining

Gagnagreining fór fram á tvískiptan hátt hvað varðar greiningu viðtalanna annars vegar og vettvangsnótta hins vegar.

Öll viðtölin voru tekin upp með leyfi viðmælenda. Í kjölfarið var hlustað á upptökurnar og síðan farið í að afrita viðtalið. Eftir að því ferli lauk voru gögnin greind í forritinu Atlas.ti þar sem þau voru kóðuð og í kjölfarið öxulkóðuð til þess að finna sameiginleg þemu viðtalanna. Mælt er með því að öxulkóða gögn svo ekkert þema fari á mis og til að tengja eldri þemu (Priest, Roberts og Woods, 2002).

Vettvangsnótur frístundaheimila voru fyrst og fremst notaðar til hliðsjónar þegar hlustað var á viðeigandi viðtöl. Þessi aðferð lagði sitt af mörkum við að minnast á smáatriði sem annars hefðu gleymst og gerði rannsakendum kleift að setja sig aftur inn á vettvanginn með einföldum hætti (Crang og Cook, 2007). Vettvangsnóturnar voru einnig kóðaðar og öxulkóðaðar með hjálp Atlas.ti.

# Niðurstöður

Í þessum kafla skýrslunnar verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Kaflanum er skipt í tvo undirkafla þar sem annar kaflinn fjallar um þau tækifæri sem felast í frístundastarfi út frá sjónarhóli viðmælendanna. Hinn kaflinn fer yfir hvaða áherslur og aðferðir viðmælendur rannsóknarinnar töldu æskilegt að notast væri við þegar kæmi að markvissri eflingu máls og læsis í frístundastarfi.

## Efling máls og læsis á Íslandi

Allir viðmælendur þessarar rannsóknar voru sammála um mikilvægi eflingar máls og læsis meðal barna á Íslandi. Læsi er talið vera einn af grunnstólþum menntunar eða eins og einn forstöðumaðurinn komst að orði „það er fátt eða ekki neitt sem er jafn mikilvægt og að kunna að lesa og skrifa vegna þess að það er forsenda þess að geta lært allt hitt“. Viðmælendur sammæltust einnig um að þörf væri á eflingu máls og læsis barna hérlendis og byggðu svör sín á eigin upplifunum, rannsóknum og orðræðunni í samfélaginu. Flestir voru uggandi yfir þeirri alvarlegu stöðu mála sem upp væri komin. Máli sínu til stuðnings minntist töluverður fjöldi viðmælenda á þá staðreynd að æ fleiri börn ljúki skólagöngu sinni án þess að geta lesið sér til gagns og gamans og sé það mikið áhyggjuefni. Auk þess voru fjölmargir viðmælendur órólegir yfir þessari hröðu neikvæðu þróun sem hefði átt sér stað. Töldu flestir ríka þörf vera til staðar og að bregðast þyrfti við á viðeigandi hátt og sem allra fyrst. Einn lestrar sérfræðingurinn taldi markvissari vinnubrögð æskileg og sagði:

Ef við ætlum að huga að forvörnum á ýmsan hátt þá er bara læsi einn þáttur í því. Ef það eru lestrarörðugleikar þá erum við með helling af tækjum og tólum til að styðjast við. Við eigum að geta stutt við nemendur okkar á þann hátt að þeir komi bæði læs á umhverfi sitt, samfélagið og bækur og blöð út úr skólakerfinu. Ef ekki þá þarf bara að grípa inn í það. Ég myndi bara segja að þetta væri lykillinn af því að geta búið í umhverfi og samfélagi sem að við höfum í dag. Það að vera læs og efla þetta mál og læsi. Að það sé þá heildstætt samtak um það.

Margir viðmælendur minntust á það átak sem þegar hefur átt sér stað innan heimila, leikskóla og grunnskóla og voru ánægð með framtakið. Einn sérfræðingurinn var sérstaklega upprifinn og sagði

það frábært að nálgunin væri heildstæð og taldi það vera nauðsynlega framvindu til þess að snúa vörn í sókn í málaflöknum.

Viðmælendur komu með nokkrar hugmyndir um þá áhrifaþætti sem valdið hafa neikvæðri þróun lesturs barna á Íslandi. Einn forstöðumaður taldi minnkandi áhuga barna á lestri vera sýnilegan á frístundaheimili sínu þó hún hefði ekki tölfræði að baki þessarar fullyrðingar og bætti við “Þetta er bara tilfinningin, að þau nenni ekki að lesa”. Annar forstöðumaður tók í sama streng og sagðist upplifa það að börnin í hennar umsjá læsu helst aðeins vegna þess að þau væru tilneydd af skólanum en ekki sér til skemmtunar. Einn deildarstjóri talaði um að skortur á lesskilningi, orðskilningi, málskilningi og málþroska sé helsta orsök minnkandi lestrarfærni. Annar deildarstjóri tók í sama streng og sagði hnignandi stöðu íslenskunnar „greinilega með því að hlusta einungis á málfar barna og unglunga“. Hún taldi stöðuna meðal annars eiga rætur sínar að rekja til örra tæknibreytinga sem hefðu áhrif á þróun tungumálsins. Nýjar styttingar litu dagsins ljós í stafrænum samskiptum og mikið væri um slangur. Einnig talaði hún um þann sístækkandi fjölda tökuorða sem væri notaður daglega í íslensku samfélagi jafnt af börnum sem fullorðnum.

## Efling máls og læsis á frístundaheimilum

Allir viðmælendur okkar voru sammála um að hægt væri að efla mál og læsi innan frístundaheimilanna og þeir sem þekktu til sögðu að þar færi nú þegar fram mikilvægt starf í þessum málaflökki. Einn deildarstjóri sagði máli sínu til stuðnings að mál og læsi eflist með því að tala saman, hlusta og skapa tækifæri fyrir börnin til að segja frá, eiga í samræðum, rökræða og gagnrýna og að allt væri þetta hluti að starfi frístundaheimila. Skiptar skoðanir voru þó á því hvernig markvissari efling ætti að fara fram. Meirihluti lestrarsérfræðinganna lagði til kennslufræðilegar nálganir og sáu fyrir sér að frístundaheimili væri kjörinn vettvangur til þess að efla starf grunnskóla en þó með áherslu á leik. Á hinn bóginn lögðu flestir deildarstjórar og forstöðumenn áherslu á að eiginleg kennsla ætti heima í grunnskólum fremur en innan frístundaheimila og töldu æskilegt að gjörólíkt starf færi þar fram. Einn deildarstjóri lagði ríka áherslu á að burðargrind slíkrar eflingar þyrfti að fara fram í grunnskólum landsins þar sem að skólaskylda er til þess að skapa börnum jöfn tækifæri.

Ég reyndar persónulega er alltaf á því að það eigi fyrst og fremst að vinna svona í gegnum grunnskólana en frístunda vettvangurinn er frábær vettvangur til þess að byggja ofaná það sem er verið að gera í grunnskólunum en grunnskólinn er náttúrulega jöfnunartæki sem frístundaheimili er ekki.

Þá voru flestir deildarstjórar og forstöðumenn sammála um að þrátt fyrir að eiginleg kennsla ætti heima í grunnskólum hafi frístundaheimili margt fram að færa þó nálgunin væri ólík. Einn deildarstjórinn sagði mikilvægt að gera börnum grein fyrir því að þau geta verið læs á svo margt án þess að þau séu farin að lesa orð, kunna stafina, tengja saman og lesa bók og hélt áfram:

Nýtum allar leiðir sem eru á þessu sviði vegna þess að við vitum að börnin taka inn misvel eftir því hvaða aðferðir eru notaðar. Því fleiri fjölbreyttar aðferðir sem eru nýttar því meiri líkur eru á því að það verði árangur.

Flestir viðmælendur voru á sama máli um mikilvægi þess að hafa ritmál sýnilegt á frístundaheimilum og töldu það styðja vel við eiginlega lestrarkennslu. Langflestir deildarstjórar og forstöðumenn frístundaheimilanna sögðust leggja áherslu á skýrar og viðeigandi merkingar bæði í orði og mynd innan frístundaheimilanna.

Margir viðmælendur töldu frístundaheimili vera þann vettvang sem væri að mörgu leiti vannýttur sérstaklega þegar horft væri til átaksins í eflingu máls og læsis sem ætti sér stað á landinu og lítið væri um markvissa eflingu innan frístundaheimila. Nokkrir deildarstjórar og forstöðumenn höfðu orð á því að vegna mikillar veltu starfsfólks væri starfsumhverfið mjög ólíkt milli ára. Það færi mikið eftir því fólki sem þau fengju til starfa og áhugamálum þeirra, hvaða áherslupættir yrðu fyrir valinu hvert skólaár. Einn deildarstjóri bætti við að einnig mæti líta á sí aukið vinnuálag forstöðumanna sem eina helstu hindrun þess að takmörkuð skipulögð efling máls og læsis færi fram á frístundaheimilum undir hennar stjórn.

Fæstir forstöðumenn sem tóku þátt í rannsókninni sögðust vinna markvisst að eflingu máls og læsis og þá sérstaklega þegar horft er til læsis í hefðbundnum skilningi. Einn forstöðumaður sagði „við höfum kannski ekki verið markvisst að vinna með læsi en læsi kemur náttúrulega inn á mikið af því sem við erum að gera“. Annar forstöðumaður sagði að eflingin væri ekki alltaf meðvituð og bætti við:



Þetta eru kannski verkefni sem maður gerir og maður áttar sig ekki á fyrir en maður fer að hugsa um að þarna hafi kannski mögulega verið einhver tenging eða einhverskonar áhersla sem fellur algjörlega að þessu umhverfi eða þessum áherslum.

Flestir deildarstjórar og forstöðumenn sögðust leggja áherslu á félagslega- og umhverfislega þætti sem í reynd stuðla að eflingu máls og læsis. Oftar en ekki var mikil áhersla lögð á hið félagslega og komst einn deildarstjóranna svo að orði að hún efaðist um að nokkur starfsmaður innan frístundaheimila undir hennar handleiðslu væri ekki meðvitaður um að megin tilgangur frístundastarfs væri að efla félagslega hæfni. Viðmælendur sem höfðu eigin reynslu af starfi frístundaheimila voru sammála um að áhersla eflingar máls og læsis innan frístundaheimila ætti fyrst og fremst að vera miðuð að eflingu læsis í viðum skilningi.

## Læsi í viðum skilningi

Viðmælendum var tíðrætt um læsi í viðum skilningi og þar töldu flestir frístundaheimili geta lagt hönd á plóg og sitt af mörkum til eflingar máls og læsis barna á Íslandi með læsi í viðum skilningi í forgrunni. Margir töluðu um mikilvægi ólíkra þátta eins og einn sérfræðingurinn orðaði það:

Á síðustu árum hefur aukist meðvitund um félagslega þáttinn í læsinu, bæði læsi sem grunnþáttur menntunar og að það sé mjög vítt hugtak. En það er ekki bara læsi að skilja og skrifa texta og að geta tjáð sig skriflega heldur að vera læs á menningu og óformleg gildi og samskipti og geta lesið út úr myndum í samfélagsmiðlum.

Mörgum var ofarlega í huga hversu ólík börn geta verið og að mikilvægt væri að notast við ólíkar nálganir til að hægt sé að sinna mismunandi þörfum þeirra. Forstöðumaður sem vinnur með börnum með sérþarfir sagði sem dæmi að flest þeirra barna sem væru hjá þeim daglega myndu líklega ekki verða læs á bók í framtíðinni. Því fannst henni og hennar samstarfsfólki mikilvægt að fara út frá þeirra lífi að sinna eflingu á félags- og umhverfislæsi sem börnin notuðust við dags daglega. Annað starfsfólk frístundaheimila tók í sama streng og fannst mikilvægt að bjóða börnum upp á skemmtilega afþreyingu sem þau hafa jafnvel ekki aðgang að annarsstaðar.

Flestum fannst efling læsis í viðari skilningi ekki vera síður mikilvæga en eflingu hefðbundins læsis. Einn deildarstjórinn sagðist telja að óhefðbundið læsi væri enn verr statt en það hefðbundna. Einn lestrarsérfræðingur sagði:

Ég held að það sé nokkuð ljóst að þetta félagslega og óformlega styðji vel við og valdefli börn í skólastarfinu á öllum sviðum. Ef það gengur vel félagslega og þér líður vel og þú ert að gera hluti sem þér finnast skemmtilegir þá held ég að þú sért alltaf að læra og þroskast. Þá eflir þú þig bara sem allhiða námsmann held ég.

Þessi skoðun var útbreidd meðal viðmælenda og töldu þeir sem störfuðu innan frístundasviðs að þetta væri hlutverk sem þau sinntu best. Öll frístundaheimili sem heimsótt voru lögðu áherslu á félagslæsi, mörg lögðu einnig áherslu á umhverfislæsi, fjölmiðlalæsi, samfélagslæsi og heilsulæsi.

### Fræðilegar áherslur

Þegar kemur að fræðilegum nálgunum var einstaklingsmiðuð nálgun hvers barns fyrir sig gegnumgangandi rauður þráður í svörum viðmælenda. Einn deildarstjóri lagði sérstaka áherslu á þessa nálgun og sagði mikilvægt að hafa hvert barn í forgrunni „Það er náttúrulega bara að mæta barninu þar sem það er“. Annar deildarstjóri minntist á verðmæti þess að starfsfólk gæfi sér tíma með börnunum og sagði „Það að starfsfólk setjist niður með börnum og taki spjallið. Bara það er svo dýrmætt, þá verða allir rólegri“. Viðmælendum var einnig tíðrætt um fræðilegar áherslur og lögðu þeir fyrst og fremst áherslu á reynslunám, áhugahvöt, lærdóm í gegnum leik og félagslega hugsmíðahyggju.

Starfsfólki frístundasviðs var tíðrætt um reynslu barna og hve mikilvæg hún væri sem kennsluverkfæri. Margir töldu reynslunám vera eitt helsta markmið með frístundastarfi. Ekki var þó aðeins minnst á reynslu barna heldur töldu forstöðumenn einnig um reynslunámið sem færi fram í þeirra störfum og taka á móti fjölbreyttum barnahóp eða eins og einn forstöðumaðurinn sagði:

Ástæðurnar fyrir því að við gerum hlutina eins og við gerum þá í dag er bara í raun byggt á reynslunni. Það sem tíminn hefur kennt okkur smám saman hér með þennan fjölbreytta barnahóp okkar.

Áhersla var lögð á að nálgast börnin út frá áhuga þeirra sjálfra og nýta áhugahvötina til lærdóms. Forstöðumönnum var sérstaklega tíðrætt um að bjóða börnum upp á frístundastarf sem félli sérstaklega að þeirra áhugasviði og nefndi einn að hann legði áherslu á að bjóða börnum upp á reynslu sem þau hefðu ekki aðgang að heima hjá sér. Margir viðmælendur höfðu áhyggjur af áhugaleysi barna við að lesa og einn lestrarsérfræðingurinn sagði „það er há alvarlegt mál ef barn missir áhuga á að lesa í yngstu bekkjum grunnskóla. Það á að vera stórkostleg viðvörunarbjalla ef barn fer að upplifa það sem kvöð að lesa“.

Flestir viðmælendanna minntust á frjálsta leikinn og þá sérstaklega þeir sem höfðu persónulega reynslu af starfi frístundaheimila. Viðmælendum fannst leikurinn og lærdómurinn geta unnið vel saman og einn forstöðumaðurinn sagði „á meðan að þau eru frjáls að leika geta þau verið að sinna áhugaverðu og krefjandi verkefni þótt það sé leikur“. Annar forstöðumaður sagði „áherslan er á leikinn, það er það sem við notum og mér finnst það koma vel út. Það að öll börn séu ánægð og að þeim líði vel“.

Flestir viðmælendur töldu megin hlutverk frístundaheimila vera að virkja hið félagslega. Forstöðumenn voru á sama máli og einn sagði:

Fyrir frístundaheimilin er kannski þetta frístundalæsi mikilvægast og sjálfstæði og að lesa í réttindi sín og réttindi annarra. Að við séum að virða rétt hvors annars og lesa hvernig maður á að haga sér. Mér finnst það vera stærsti þátturinn okkar, en það er hægt að efla margskonar annað læsi í frístundastarfinu en mér finnst þetta kannski mikilvægasta læsið. Félagsþátturinn.

Þessi áhersla á félagslega þáttinn var einnig til staðar þegar kom að eflingu máls og læsis og kenningar félaglegrar hugsmíðahyggju því vinsælar. Sem dæmi um þessa áherslu sagði einn sérfræðingurinn „læsi er félagslegt dæmi, læsi er ekki einangrað vélmennadæmi. Læsi er félagslegt sem þýðir að það gerist í félagsskap við aðra“. Annar sérfræðingur var á sama máli og sagði „Ég myndi segja að frístundaheimili eigi að vera einskonar farvegur fyrir skilningsþátt máls og læsis, efla máltjáningu, málskilning og það yfirferist beint yfir á lesskilning og eflingu orðaforðans“.

## Árangursrík efling

Nokkrir deildarstjórar höfðu orð á því að það væri hlutverk skóla- og frístundasviðs að koma fram með stefnu eða viljayfirlýsingu um eflingu máls og læsis á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar. Einnig komu fram hugmyndir um að æskilegt væri að setja fram viðmið og vísbendingar um eflingu máls og læsis inn í innra og ytra mat frístundaheimila. Allir þátttakendur sem hafa komið að starfi frístundaheimila höfðu orð á því að ef til markvissrar eflingar kæmi þyrfti áhersla að vera á læsi í viðum skilningi. Þeir sem þekktu til starfsemi frístundarheimilanna fannst oft þau úrræði sem eru í boði til eflingar máls og læsis of skólamiðuð þar sem megin áherslan væri lögð á hefðbundið læsi. Deildarstjórar voru ósammála um mikilvægi miðstýringar á verkefninu en flestum fannst þó ekkert því til fyrirstöðu að einhver sameiginleg markmið yrðu sett. Einn deildarstjóri sagði „Já mér finnst að hluta til að það þurfi að vera miðlæg stýring en að sjálfsögðu er það alltaf útfærsluatriði og framkvæmdar ábyrgð er á hverju einasta frístundaheimili“. Öðrum fannst markviss miðstýring vera grundvöllur þess að árangri og sagði annar deildarstjóri „Þetta er svo stór þáttur í starfinu að mér finnst það ekki vera nein spurning að það eigi að leggja línur með það hvað við viljum sjá og hvað við viljum fá út úr þessu“. Deildarstjórnir voru sammála um að mikilvægt væri að fara fjölbreyttar leiðir þegar kæmi að eflingu máls og læsis og gott væri að hafa verkfæri eins og handbók þar sem forstöðumenn og starfsfólk gæti leitað sér hugmynda og leiða til aðgerða og úrbóta.

Forstöðumenn voru hinsvegar flestir sammála um mikilvægi þess að slík efling færi fram miðlægt sem einhverskonar drifkraftur sem veitti upplýsingar og deildi hugmyndum. Einn forstöðumaðurinn útskýrði skoðun sína og sagði:

Ég held að ef að þetta eigi að vera eitthvað almennilegt sem eigi að gerast á mörgum stöðum þá þurfi það að vera miðstýrt. Af því að það eru alls ekki allir með áhuga á þessu og ef þeim er ekki sagt að gera þetta, þá sleppa þeir því bara. Ef það er ekki þörf á því þá einbeita þeir sér að öðru sem að þeir telja mikilvægara.

Forstöðumenn lögðu þó ríka áherslu á að hverju og einu frístundaheimili væri veitt sjálfstæði til að útfæra eflingu máls og læsis á sinn hátt. Þeir sögðu margt geta haft áhrif á hvernig slík efling færi fram s.s. starfsfólk, samsetning barna og aðstaða. Einn forstöðumaðurinn hafði velt þessu fyrir sér og sagði:

Það þarf kannski einhverskonar grunnlína að vera lögð. En svo finnst mér mikilvægt að það sé lagt í hendurnar á hverri og einni einingu til að gera að sínu. Af því að engin verkefni sem koma að ofan og sem eiga að vera gerð eru gerð vel, nema að það sé einhver sem taki ástfóstri við þau og hlúi að þeim.

Sérfræðingar á sviði lesturs lögðu áherslu á að miðstýring væri æskileg og tók einn svo til orðs:

Ég held að fræðsla, ráðgjöf og símenntun sé gríðarlega mikilvæg fyrir starfsfólk frístundaheimila. Sveitarfélög og rekstraraðilar þurfa að efla það töluvert. En það þarf líka að taka mjög markviss skref til að efla samstarfið á milli frístundaheimila og skóla til þess að við séum að nýta mannauðinn sem best og þekkinguna sem býr á báðum stöðum.

Efling á fagstarfi og aukid samstarf milli leikskóla eða grunnskóla og frístundaheimila var einnig mörgum lestrarsérfræðingum ofarlega í huga. Töldu þeir það vænlegt til betri árangurs í eflingu máls og læsis fyrir börnin.

## Umræða

Í þessari rannsókn hefur verið gerð grein fyrir stöðu máls og læsis á Íslandi og fjallað um læsi í viðum skilningi. Einnig er til staðar stutt úttekt á starfi frístundaheimila Reykjavíkurborgar, skipulagi og starfsemi þeirra og fjallað um tækifæri sem þar liggja. Þar að auki hafa niðurstöður rannsóknar verið kynntar en þær eru byggðar á viðtölum við fjölbreyttan hóp viðmælenda. Í þessum kafla verður leitast við að skoða niðurstöður rannsóknarinnar í samhengi við fræðilegan bakgrunn og helstu kenningar.

## Efling máls og læsis á frístundaheimilunum

Allir viðmælendur þessarar rannsóknar voru sammála um að þörf væri á eflingu máls og læsis meðal barna á Íslandi sem er í samræmi við niðurstöður og áherslur menntamálráðuneytisins. Læsi er talið vera einn af grunnstólþum menntunar og voru margir uggandi yfir þeirri alvarlegu stöðu

sem upp er komin og töldu áriðandi að bregðast hratt við á viðeigandi hátt. Samspil margra ólíkra þátta hefur haft áhrif á þessa neikvæðu þróun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Samkvæmt lestrarsérfræðingum, deildarstjórum og forstöðumönnum frístundaheimila felast fjölbreytt tækifæri til eflingar máls og læsis á frístundaheimilum. Telja margir þeirra nú þegar fara þar fram mikilvægt starf í þessum málaflokki.

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal vera gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila samkvæmt 33.gr.a. grunnskólalaga nr. 91/2008. Reykjavíkurborg fer með faglegt forræði frístundaheimila og setur skóla- og frístundasvið reglur um starfsemi þeirra. Greining Mintzberg (2009) bendir til þess að frístundaheimili sé skipulagsheild sem einkennist af fagskrifræði með lóðréttri valdreifingu frá skóla- og frístundasviði borgarinnar niður til frístundaheimila þar sem valdið dreifist lárétt milli frístundaleiðbeinenda og ráðgjafa. Skýrlega kom fram í svörum viðmælenda rannsóknarinnar mikilvægi þess að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar myndi setja tiltekna stefnu um eflingu máls og læsis á frístundaheimilum sem hægt væri að fylgja eftir. Sveitarfélög hafa töluvert svigrúm til að móta starfsemi frístundaheimila. Samkvæmt Kotter (2012) er mikilvægt að móta skýra framtíðarsýn og afla fylgis við hana til að ná fram árangursríkum breytingum. Enn fremur þurfi að fylgja tiltekinni aðferðafræði eigi árangur að nást. Þörfin fyrir breytingar kemur bersýnilega í ljós í alvarlegri niðurstöðu PISA um versnandi lesskilning barna á Íslandi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Margir viðmælendur töldu frístundaheimili vera vannýttan vettvang þegar horft væri til átaksins í eflingu máls og læsis sem ætti sér stað á landinu. Töldu margir að lítið væri um markvissa eflingu innan frístundaheimilanna og sögðust fæstir forstöðumannanna í rannsókninni vinna sérstaklega að eflingu læsis í hefðbundnum skilningi. En hinsvegar eru áherslur lagðar á félagslega og umhverfislega þætti sem í reynd stuðla að eflingu máls og læsis (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Viðmælendur voru sammála um að áhersla eflingar máls og læsis innan frístundaheimilanna ætti að vera miðuð að eflingu læsis í víðum skilningi.

## Læsi í víðum skilningi

Megináhersla frístundaheimila Reykjavíkurborgar er að bjóða upp á faglegt, áhugavert og fjölbreytt frístundastarf fyrir börn búsett í höfuðborginni (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Haft er í fyrirrúmi að veita börnum tækifæri til að öðlast nýja reynslu og mikið er lagt upp úr því að skapa umhverfi þar sem skilningur, þekking og hugsun þeirra getur

eflst. Þetta fellur vel að hugtakinu læsi í viðum skilningi, þ.e. að læsi sé úrvinnsla þess sem við sjáum og skynjum í umhverfi okkar (Sigrún Helgadóttir, 2013). Svör viðmælanda rannsóknarinnar gáfu til kynna að læsi í viðum skilningi væri æskilegasta nálgunin þegar kæmi að markvissri eflingu máls og læsis innan frístundaheimila.

Hugmyndir læsis í viðum skilningi hefur mikinn samhljóm með því starfi frístundaheimila sem fer nú þegar þar fram en gefur að auki frekara svigrúm til úrbóta. Læsi í viðum skilningi býður upp á mjög fjölbreyttar nálganir sem hægt er að aðlaga að ólíkum þörfum þeirra barna sem dvelja á frístundaheimilum. Fjölbreytileiki var mikilvægur viðmælendum rannsóknarinnar og helst því hugmyndin vel í hendur við óskir þeirra sem skipuleggja starf frístundaheimila. Virk þátttaka í samfélaginu tengist hæfninni að geta lesið umhverfi sitt, möguleikum til tjáningar og að geta komið skoðunum sínum á framfæri. Svör viðmælanda gáfu einnig til kynna að þeir væru nokkuð sammála um mikilvægi læsis í viðum skilningi og töldu það vera nauðsynlegt til þess að styrkja börnin í að geta lesið umhverfi sitt (Reykjavíkurborg, 2017).

## Fræðilegar áherslur

Fram kom í rannsókninni að starfsfólk frístundaheimila notast við einstaklingsmiðaða nálgun með barnið í forgrunni í starfi sínu. Mikil áhersla er lögð á reynslunám barna þar sem barnið tileinkar sér frekari þekkingu og skilning með því að framkvæma, prófa, vera virkt, athuga og ígrunda reynsluna (Reigeluth, 2000). Viðmælendur voru einnig sammála um að leikurinn og lærdómurinn gætu unnið vel saman. Leikur sem snýst um að barnið öðlast nýja þekkingu á sama tíma og áhugi, reynsla og leikgleði þess fengi notið sín. Slikur leikur væri þá byggður á efniviði starfsfólki frístundaheimilisins með áherslu á þekkingarsköpun eins og eflingu máls og læsis (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2017a). Leit einn forstöðumaðurinn svo á að á meðan börnin eru frjáls að leika geta þau verið að sinna áhugaverðu og krefjandi verkefni þótt það sé leikur.

Viðmælendur ræddu oft um að bjóða þyrfti börnum upp á frístundastarf sem félli sérstaklega að þeirra áhugasviði. Þannig reynir starfsfólk frístundaheimila í gegnum áhugahvatningu að nýta áhugamál barnanna til að stuðla að virkri þátttöku þeirra svo þau geti átt uppbyggilegan frítíma um leið og þau öðlast nýja þekkingu (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015). Þá lýstu margir viðmælendur yfir miklum áhyggjum af áhugaleysi barna við að lesa. Taldi m.a. einn sérfræðingur það vera stórkostlega viðvörunarþjöllu þegar barn

fer að upplifa það sem kvöð að lesa. Flestir viðmælendur líta svo á meginhlutverk frístundaheimila sé að virkja hið félagslega. Samkvæmt félagslegri hugsniðahyggju byggist þekking barna á túlkun þeirra á aðstæðum hverju sinni. Þannig skapa börn merkingu út frá reynslu sinni á frístundaheimili og verður sú þekking ávallt til í félagslegu samhengi (Herdís Magnúsdóttir, 2016). Líta lestrarsérfræðingarnir svo á að læsi sé félagslegt sem þýðir að það gerist í félagsskap við aðra. Enn fremur sagði einn sérfræðingurinn frístundaheimili vera einskonar farveg fyrir skilningsþátt máls og læsis.

### Árangursrík efling

Í rannsókninni kom fram að deildarstjórar voru ósammála um miðstýringu á innleiðingarferli við eflingu máls og læsis en þótti ráðlegt að hafa sameiginleg markmið þess efnis. Aðrir viðmælendur rannsóknarinnar, bæði lestrarsérfræðingar og forstöðumenn frístundaheimila töldu markvissa miðstýringu vera grundvöll árangurs. Kotter (2012) telur nauðsynlegt að hafa hæfileikaríkan og valdamikinn stýrihóp til að hægt sé að ná fram vel heppnuðu breytingarferli. Með miðstýringu væri hægt að veita starfsfólki frístundaheimila faglegan stuðning með upplýsingum og hugmyndum um árangursríkar aðferðir til eflingar máls og læsis. Útfærsluatriði hvers frístundaheimilis myndi vera áfram í höndum forstöðumanna með tilliti til starfsfólks, barnahóps og aðstöðu.

Samkvæmt Kotter (2012) er mikilvægt að miðla upplýsingum og styrkja viðtækar aðgerðir til að ná markmiðum breytingarinnar. Eitt helsta markmið Hvítbókar um úrbætur í menntun er að 90% barna nái lágmarksviðmiðum í lestri árið 2018, en hlutfallið er nú 79% (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Áhersla hefur verið lögð innan allra skólastiganna á eflingu máls og læsis en til þess að það gangi eftir verður að búa til áfanga og áfangasigra og styrkja ávinninga enn frekar til að hægt sé að ná fram frekari breytingu og vinna gegn mótstöðu. Einnig er áriðandi að veita eftirfylgni til þess að breytingar geti fest sig í sessi til langframa með viðtækum aðgerðum (Kotter, 2012). Tryggja verði að til staðar séu bjargir sem breytingarferli krefjist eins og Reykjavíkurborg hefur gert með þekkingarteymi Miðju máls og læsis. Líta Fernandez og Rainey (2006) á það sem algjört skilyrði í opinberri stjórnsýslu að byggja upp ytri stuðning effirlitsaðila og ólíkra hagsmunahópa. Jafnframt sé brýnt að byggja upp innri samstöðu um breytingar eins og



eflingu máls og læsis á frístundaheimilum og yfirvinna hindranir. Til þess þurfi að tryggja helgun og stuðning yfirmanna starfseminnar en ekki sé nóg að einungis pólitískur vilji sé fyrir hendi.

## Tillögur að úrbótum

Kjörið væri fyrir skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar að setja saman greingóða og skýra innleiðingaráætlun sem snýr að eflingu máls og læsis innan frístundaheimila. Hún myndi þá innihalda viðmið og markmið sem öll frístundaheimili borgarinnar myndu fylgja í starfi sínu líkt og Kotter (2012) og Fernandez og Rainey (2006) mæla með í hugmyndum sínum um árangursík breytingarferli. Tilvalið er að eflingu máls og læsis sé gefið viðeigandi rými í starfsskrám frístundamiðstöðva sem gefnar eru út árlega. Einnig væri hægt að koma viðmiðum og vísbendingum um ýmsa þætti eflingar máls og læsis inn í innra og ytra matið.

Starfsfólk frístundaheimila Reykjavíkurborgar er oft ungt fólk, nemar og ófagmenntaðir einstaklingar. Mikilvægt er að fræða hópinn vel um tilgang eflingar máls og læsis og hversu dýrmæt slík efling getur verið fyrir börnin sem dvelja á frístundaheimilum. Aukið aðgengi að fræðslu og vinnustofum er þar mjög mikilvægt til þess að innleiðingin skili sem mestum áhrifum og sem bestum árangri (Fernandez og Rainey, 2006 og Kotter, 2012).

Þar sem töluverð velta er á starfsfólki frístundaheimila borgarinnar er kjörið að skóla- og frístundasvið tryggi aðgengilegt efni til eflingar máls og læsis á frístundaheimilum. Hægt væri að koma á hugmyndaðef þar sem starfsfólk á öllum aldri gæti haft greiðan aðgang að og fengið þaðan hugmyndir sem hægt væri að nýta í frístundastarfi og deila þeirra eigin hugmyndum með öðrum. Mikilvægt er að allir leggist á eitt og reyni fjölbreyttar leiðir í von um að það skili vænlegu m árangri barna sem búa hérlandis (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Sú handbók sem höfundar rannsóknarinnar hafa samið og er hluti þessa verkefnis, er kjörið verkfæri fyrir starfsfólk frístundaheimila og þarf að eiga sér stað nauðsynleg kynning og handleiðsla.

# Lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda eindregið til þess að bæði sérfræðingar á sviði lesturs og umsjónarfólk frístundaheimila Reykjavíkurborgar telji mikið af tækifærum leynast á frístundaheimilum til eflingar máls og læsis barna. Líta margir svo á að þessi tækifæri séu vanýtt að stærstum hluta. Frístundaheimili standa dálítið sér á báti þar sem þau hafa enga eiginlega námskrá og eru því ekki eiginleg menntastofnun.

Stór hluti reykvískra barna dvelur á frístundaheimilum þar sem gott starf á sér stað daglega í íslensku málumhverfi með töluverðri málörvun og eflingu máls og læsis. Þó er ljóst að hægt er að gera mun betur og eru tækifærin til eflingar máls og læsis innan frístundaheimila fjölmörg og spennandi.

Viðmælendur lögðu áherslu á læsi í viðum skilningi til þess að efla mál og læsi innan frístundaheimila. Læsi í viðum skilningi fellur vel að hugmyndum og stefnum frístundastarfs Reykjavíkurborgar og býður upp á fjölbreyttar óhefðbundnar nálganir á viðfangsefninu á skemmtilegan hátt. Viðmælendur voru hrifnir að frjálsum eða félagslegum áherslum og þá helst þeim sem snéru að reynslunámi, áhugahvöt, lærdóm í gegnum leik og félagslegri hugsmíðahyggju. Skipulögð áhersla á eflingu máls og læsis er áríðandi og sammæltust viðmælendur rannsóknarinnar um að mikilvægi einhverskonar miðstýringar og utanumhalds en þó mismikið.

Álykta mætti að samkvæmt viðmælendum þessarar rannsóknar sé mikilvægt að leggja upp með læsi í viðum skilningi þegar kemur að eflingu máls og læsis innan frístundaheimila en þó með ólíkri nálgun svo hægt sé að ná til mismunandi þarfa barna. Utanumhald er mikilvægt en þó með þeim hætti að hverjum starfstað er gefið færi á því að aðlaga hugmyndir og nálgast börn sem þar dvelja á þeirra eigin forsendum.

# Heimildaskrá

- Crang, M. og Cook, I. (2007). *Doing Ethnographies*. Los Angeles: SAGE Publications.
- Esterberg, K. G. (2001). *Qualitative Methods in Social Research*. Boston: McGraw-Hill.
- Fernandez, S. og Rainey, H. G. (2006). Managing Successful Organizational Change in the Public Sector. *Public Administration Review*, 66(2), 168–176.
- Frístundamiðstöðin Ársel. (2016). *Starfsáætlun 2016-2017*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/107\\_10.1\\_starfs\\_tlun\\_rsel\\_2016-2017.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/107_10.1_starfs_tlun_rsel_2016-2017.pdf)
- Frístundamiðstöðin Gufunesbær. (2016). *Starfsáætlun Gufunesbæjar 2016-2017*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/107\\_10.2\\_starfs\\_tlun\\_gufunesbajar\\_2016\\_-\\_2017.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/107_10.2_starfs_tlun_gufunesbajar_2016_-_2017.pdf)
- Frístundamiðstöðin Kringlumýri. (2017). *Starfsáætlun Kringlumýrar 2017-2018*. Sótt af <http://kringlumyri.is/wp-content/uploads/sites/17/2016/10/starfstlun-kringlumrar-2017-2018.pdf>
- Frístundamiðstöðin Miðberg. (2016). *Starfsáætlun 2016-2017*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/107\\_10.4\\_starfs\\_tlun\\_mi\\_bergs\\_2016-2017.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/107_10.4_starfs_tlun_mi_bergs_2016-2017.pdf)
- Frístundamiðstöðin Tjörninn. (2017). *Starfsáætlun Tjarnarinnar 2017-2018*. Sótt af <http://tjornin.is/starfsaetlun-tjarnarinnar-2017-2018/>
- Guðrún Edda Bentsdóttir. (2015) *Samstarf um mál og læsi alla skólagönguna*. Lokaskýrsla til Sprotasjóðs, 15. júní 2015. [http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/samstarf\\_um\\_mal\\_og\\_laesi\\_-\\_skyrsla\\_juni\\_2015.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/samstarf_um_mal_og_laesi_-_skyrsla_juni_2015.pdf)
- Helga Ágústsdóttir. (2006). *Okkar mál: Samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi*. Samstarfsáætlun 2016-2017. Sótt af <http://tungumalatorg.is/okkarmal/2016/09/02/samstarfsaetlun-2016-2017-og-timarammi/>
- Herdís Magnúsdóttir. (2016). *Vísindalæsi og hugtakaforði Kennsluaðferðir sem efla vísindalæsi og hugtakaforða í náttúruvísindum*. Háskólinn á Akureyri. Sótt af [https://skemman.is/bitstream/1946/26450/1/Herdi%CC%81s%20Magnu%CC%81sdo%CC%81ttir\\_meistararitger%C3%B0.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/26450/1/Herdi%CC%81s%20Magnu%CC%81sdo%CC%81ttir_meistararitger%C3%B0.pdf)
- Íslensk málanefnd. (2017). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2017*. Sótt af <https://islenskan.is/alyktun-um-stodu-islenskrar-tungu>
- Kotter, J. P. (2012). *Leading Change*. Boston: Harvard Business Press.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti 2011 - Greinasvið 2013*. Reykjavík: Svansprent. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Þjóðarsáttmáli um læsi*. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/hvitbokargogn/Thjodarsattmali\\_um\\_laesi\\_einblodungur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/hvitbokargogn/Thjodarsattmali_um_laesi_einblodungur.pdf)
- Miðja máls og læsis. (e.d.). *MML Miðja máls og læsis*. Sótt af <https://mml.reykjavik.is/>
- Mintzberg, H. (2009). *Structure in Fives: Designing Effective Organizations* (3. útgáfa). Great Britain: Pearson Education Limited.
- Priest, H., Roberts, P. og Woods, L. (2002). An overview of three different approaches to the interpretation of qualitative data. Part 1: Theoretical issues. *Nurse Researcher*, 10(1), 30–42.
- Reigeluth, C. M. (Ritstj.). (2000). *Instructional-design Theories and Models: A New Paradigm of Instructional Theory, Volume II*. Hillsdale, N.J: Lawrence Erlbaum Associates.
- Reykjavíkurborg. (2017). *Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/sfs\\_fristundastefna\\_2017\\_web.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/sfs_fristundastefna_2017_web.pdf)
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Skóla- og frístundasvið*. Sótt af <https://reykjavik.is/SFS>
- Sigrún Helgadóttir. (2013). *Sjálfbærni - Ritröð um grunnþætti menntunar*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). *Starfsskrá frístundamiðstöðva*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/starfsskra\\_fristundamidst\\_2015-lores.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/starfsskra_fristundamidst_2015-lores.pdf)
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017a). *Lesið í leik - læsisstefna leikskóla*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/L\\_sisstefna\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf)
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2017b). *Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/reglur\\_um\\_thjonustu\\_fristundaheimila.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/reglur_um_thjonustu_fristundaheimila.pdf)